



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Það er Andinn sem gefur líf**

*Thomas Cranmer og altarissakramentisskilningurinn í bók hans  
An Answer*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Elvar Ingimundarson**

**Maí 2011**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Guðfræði- og trbr.fr.deild

**Það er Andinn sem gefur líf**  
*Thomas Cranmer og altarissakramentisskilningurinn í bók hans*  
*An Answer*

Ritgerð til B.A.-prófs

Elvar Ingimundarson

Kt.: 140688-2669

Leiðbeinandi: Hjalti Hugason

Mái 2011

Inngangur .....	4
Thomas Cranmer, ungur sveinn, fræðimaður og guðfræðidoktor.....	5
Hinrik VIII og skilnaðarmál hans.....	6
Thomas Cranmer, konungsmaður, sendiherra og erkibiskup.....	8
Baráttan fyrir siðbættri kirkju.....	10
Altarissakramentisskilningur Rómakirkjunnar og deilurnar um hann á 16. öld. ....	12
Um sakramentin í hinni nýju ensku kirkju .....	13
Um nærveru Krists í sakramentunum.....	16
Um neyslu kvöldmáltíðarefnanna .....	20
Gegn eðlisbreytingarkenningunni .....	22
Um kvöldmáltíðina og fórn Krists .....	24
Niðurlag.....	25
Heimildaskrá .....	28

## Inngangur

Fátt er kirkjunni heilagra en sakramentin. En kristnir menn hafa löngum haft mismunandi skilning á þeim. Þegar enska kirkjan klofnaði frá Rómakirkjunni 1534 var með öllu óljóst hvert skipulag hennar ætti að vera. Thomas Cranmer (1489-1556) hinn nýskipaði erkibiskup af Kantaraborg taldi sakramentisskilning vera þann grunn sem helgihald kirkjunnar yrði að byggjast á. Hann taldi að fyrsta skrefið í endurskipulagningu helgihaldsins yrði að vera að móta sakramentisskilning kirkjunnar eftir þeim skilningi sem finna mætti í ritningunni og í kenningum kirkjufeðranna. Cranmer sem hafði á yngri árum numið bæði klassíska miðaldaguðfræði og hin nýju fræði húmanismans var sannfærður um að sakramentisskilningur og helgihald rómversku kirkjunnar gæti ekki lengur talist kristið þar sem það hefði fjarlægst boðskap ritningarinnar og kirkjufeðranna. Rómakirkjan væri kirkja páfans og skurðgoðadýrkunnar en ekki kirkja Krists.

Endurbætur í helgihaldi og guðfræði kirkjunnar gengu þó hægt fram að dauða Hinriks VIII (1491-1547). Eftir dauða Hinriks var hinn ungi sonur hans Játvarður VI (1537-1553) krýndur konungur. Eftir að Játvarður tók við völdum varð siðbótin allsráðandi á Englandi. Helgihald og trúfræði kirkjunnar var endurskoðuð 1549 og allt sem siðbótarmönnum geðjaðist ekki var tekið út. Til þess að útskýra og rökstyðja hinar öru breytingar sem kirkjan gekk í gegnum gaf Cranmer erkibiskup út bókina *Defence of the True and Catholick Doctrine of the Sacrament* 1550 þar sem hann setti fram hinn nýja sakramentisskilning ensku kirkjunnar. Þar var skilningi Rómakirkjunnar á sakramentunum hafnað, sakramentunum fækkað úr hinum sjö sakramentum Rómakirkjunnar, skírn, fermingu, altarissakramenti, hjónavíslu, vígslu til prests, skriftum og síðastu smurningu í tvö, skírn og altarissakramenti. Skilningurinn á áhrifum sakramentanna og nærveru Guðs í þeim breyttist einnig.

Eftir að íhaldsmenn með Stephen Gardiner (1443-1555) fyrrum biskup af Winchester í broddi fylkingar gáfu út harða gagnrýni á bók Cranmers skrifaði hann svar við gagnrýni þeirra og gaf út sem *An Answer Unto A Crafty and Sophistical Cavillation, Devised By Stephen Gardiner Doctor of Law, Late Bishop of Winchester, Against the True and Godly Doctrine of the Most Holy Sacrament of the Body and Blood of Our Saviour Jesus Christ* 1551. Einungis einu og hálfu ári eftir að *An Answer* kom út lést Játvarður VI þann 6. júlí 1553. Hálf systir hans María I (1516-1558) tók við völdum 19. júlí 1553. Hún var hliðholl Rómakirkjunni enda var móðir hennar Katrín af Aragóníu og hún því skyld spænsku konungsfjölskyldunni en Spánn var á þessum tíma höfðuðvígi Rómakirkjunnar í Evrópu. María vildi sameina ensku kirkjuna og Rómarkirkjuna. Cranmer var því sviptur embætti, handtekinn og Reginald Pole (1500-1558) kardínáli skipaður erkibiskup af

Kantaraborg. Thomas Cranmer var síðan brenndur á báli fyrir trúvillu og landráð 21. mars 1556. Honum hafði þá verið haldið fönngnum í þrjú ár og hann verið neyddur til að játa á sig trúvillu. Á aftökudaginn var Cranmer skipað að játa opinberlega á sig trúvillu í háskólakirkjunni í Oxford. Cranmer steig upp í púltið en öllum að óvörum afneitaði hann þeim játningum sem hann hafði verið neyddur til að skrifa undir. Því næst afneitaði hann páfanum og sagði hann vera óvin Krists. Verðirnir rifu Cranmer þá niður úr púltinu og færðu hann á bálköstinn. Þegar bálið var kynnt rétti hann út hægri hendina og sagði að þar sem hann hefði skrifað undir játningar með henni væri best að hún brynni fyrst. Lést hann síðan 66 ára að aldri.<sup>1</sup>

Þó að Cranmer væri látinn var siðbótinni langt frá því lokið. Eftir að María lést 1558 varð Elísabet I (1533-1603) drottning. Hún tók upp kirkjuskipan Játvarðar VI frá 1552. Cranmer hafði gegnt veigamiklu hlutverki við að móta hana. Sakramentisskilningur hans var þó ekki gerður að opinberum sakramentisskilningi ensku kirkjunnar en bænabókin frá 1552 sem hann hafði ritstýrt var gerð að grunnsteini helgihaldsins og notuð óbreytt allt til ársins 1662. Predikanir Cranmers hafa einnig verið fluttar í ensku biskupakirkjunni allt fram til okkar daga. Predikanir hans og skilningurinn á helgihaldinu í bænabókinni eiga rætur að rekja til sakramentisskilnings hans en hann taldi Cranmer vera grunnstein alls helgihalds kirkjunnar. Sakramentisskilningur Cranmers hefur því haft óbein áhrif á ensku biskupakirkjuna allt til okkar daga og ber það því vitni hversu gríðarlega áhrifamikill hann var á sínum tíma. Þó að biskupakirkjan sé ekki sú kirkja sem Cranmer dreymdi um hefur hann haft gífurleg áhrif á hana.

Munu bækur Cranmers *Defense og An Answer* verða skoðaðar í þessari ritgerð og reynt að svara spurningunni hvernig skilningur hans á altarissakramentinu var ólíkur skilningi Rómakirkjunnar, Lúthers, Zwingli og Kalvins á því. Til þess að svara þessum spurningum mun ég styðjast við rit Cranmers sjálfs, rit samtímamanna hans en einnig það nýjasta í rannsóknum á þessum mikla siðbótarmanni hinnar ensku kirkju.

### **Thomas Cranmer, ungur sveinn, fræðimaður og guðfræðidoktor**

Thomas Cranmer fæddist 1489 í Aslockton í Nottinghamshire. Foreldrar hans voru Thomas og Agnes Cranmer. Þau voru í meðalefnum en þó titlaði Thomas Cranmer eldri sig sem hástéttarmann (Esquire).<sup>2</sup>

Árið 1503 var hinn ungi Cranmer sendur til náms í Jesus College í Cambridge sem var stofnaður 1496, Cranmer var 8 ár að ná Baccalaureus gráðu.<sup>3</sup> Nám til Baccalaureus

<sup>1</sup> Höfundur óþekktur, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. XXVI-XXIX

<sup>2</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 7-9

<sup>3</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 16-17

gráðu einkenndist á þessum tíma af námi í skólaspeki, en það var hefð í miðaldaguðfræði sem Tómas Aquinas (1225-1274) og Duns Scotus (1265-1308) aðhylltust og rökfræði Aristótelesar (384-322 f.Kr.). Eftir að hafa lokið gráðunni 1511 hóf hann meistaranám sitt. Þar las hann Erasmusar frá Rotterdam (1466-1536) og „klassískar“ bókmenntir.<sup>4</sup> Meistaránáminu lauk hann 1515 og hlaut stöðu við stjórn skólans.

Stuttu eftir þetta gifti Cranmer sig. Lítið er vitað um eiginkonu hans annað en það að hún hét Joan.<sup>5</sup> Þó segir hinn nafnlaus ævisöguritari hans frá 1580 að hún hafi verið af góðum ættum. Vegna hjónabands síns þurfti Cranmer að segja af sér stöðunni við skólann og gerðist kennari við Buckingham skóla.<sup>6</sup>

Skömmu eftir brúðkaupið lést Joan af barnsförum og Cranmer hlaut að nýju stöðu sína í stjórn Jesus College og lauk þar doktorsgráðu 1526.<sup>7</sup>

Á þessum tíma aðhylltist Cranmer biblíulegan húmanisma og var mikill aðdáandi Erasmusar.<sup>8</sup>

Árið 1527 fór Cranmer til Spánar til að aðstoða Edward Lee (1482-1544) gamlan skólalabróður sinn sem þá var sendiherra Englands á Spáni. Þar fékk Cranmer fyrst reynslu af alþjóðlegri pólitík sem átti eftir að verða starfsvettvangur hans um nokkurt skeið.<sup>9</sup> Þegar Cranmer snéri aftur heim hlaut hann áheyrn hjá Hinriki VIII í fyrsta skipti og hreifst mjög af honum.<sup>10</sup> Á þessum tíma var hið fræga skilnaðarmál konungsins nýhafíð. En aðild Cranmers að því átti eftir að koma honum í innsta hring Hinriks VIII.

## **Hinrik VIII og skilnaðarmál hans**

Árið 1534 var tímamótaár í sögu Englands og jafnvel í sögu kristinnar. Enska þingið samþykkti tvenn lög. Önnur löggjöfin var nefnd *The Supremacy Act* og gerði konunginn, Hinrik VIII, að ædsta leiðtoga ensku kirkjunnar. Þessi lög höfðu í för með sér aðskilnað ensku kirkjunnar og Rómakirkjunnar þar sem páfinn hafði fram til þessa gert tilkall til þess að vera ædsti leiðtogi kirkjunnar á Englandi. Seinni löggjöfin *The Treasons Act* hafði það í för með sér að gert var að landráðssök að viðlagðri dauðarefsingu að hafna því að konungurinn væri leiðtogi kirkjunnar. Allir kirkjunnar menn þurftu því að gera upp

---

<sup>4</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 19-20

<sup>5</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 21

<sup>6</sup> Höfundur óþekktur, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1: Writings and Disputations Relative to the Lord's Supper* 1580, s. VII-VIII

<sup>7</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 21-22

<sup>8</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 32-33

<sup>9</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 34-35

<sup>10</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 36-37

við sig hvort þeir vildu halda tryggð við páfa eða konung.<sup>11</sup> Þessi lög áttu rætur að rekja til þeirra veraldlegu og guðfræðilegu deilna sem sprottið höfðu af ósk Hinriks um að skilja við Katrínu af Aragóníu (1485-1536).<sup>12</sup>

Bakgrunnur málsins var að 1502 hafði Artúr (1486-1502) elsti sonur Hinriks VII (1457-1509) Englandskonungs látist. Hann var kvæntur Katrínu af Aragóníu dóttur Spánarkonungs. Eftir að Artúr lést tók Hinrik VII upp á því að trúlofa Hinrik yngri son sinn ekkjuni ungu en Hinrik var sex árum yngri en Katrín. Ensk og spænsk yfirvöld höfðu áhyggjur af því að þessi hjúskapur myndi brjóta gegn þeim lögum um samband bróður og ekkju látins manns sem finna má í 3Mós 18.16 „Blygðun mágkonu þinnar mátt þú ekki bera, það er blygðun bróður þíns“ og 3Mós 20.21 „Taki maður konu bróður síns er það saurgun: Hann hefur berað blygðun bróður síns. Þau skulu verða barnlaus.“ og því höfðu þau samráð við Júlíus II (1443-1513) páfa sem gaf undanþágu frá kirkjulögum.<sup>13</sup>

Hinrik og Katrín frá Aragóníu voru síðan gift 1509. Sex árum síðar fæddist þeirra fyrsta og eina barn María. Hinrik varð hins vegar að eignast son sem taka myndi við ríkinu. Þegar það gekk ekki varð Hinrik heltekinn af þeirri hugmynd að Guð hefði lagt bölvun á hjónaband hans og meinað honum að eignast syni. Þessa bölvun taldi Hinrik stafa af því að hann hefði brotið lögmál Guðs.<sup>14</sup>

Um 1525 kynntist Hinrik Önnu Boleyn og virðist hafa hrifist af henni. Hann fór því að leita leiða til að binda enda á hjónaband sitt við Katrínu. Vildi hann fá Júlíus II (1443-1513) páfa til að afturkalla undanþáguna sem hann hafði gefið fyrir hjónabandi Hinriks við Katrínu. Hinrik vildi sýna fram á að páfinn hefði ekki haft leyfi til þess að gefa út undanþágu gegn orðum 3Mós.<sup>15</sup>

Til að sýna fram á að páfinn hefði haft rangt fyrir sér kallaði hann saman guðfræðinga og háskólamenn til að sanna að fyrrgreind orð Mósebókar bönnuðu giftingu bróður látins manns og ekkju hans. Páfi lét ekki sannfærast og málstaður Hinriks VIII varð sífellt vonlausari. 1529 kom Lorenzo Campeggio (1471-1539) kardínáli og sendimaður páfa til London til að hlýða á málflutning Hinriks og dæma um málið. Fundur fulltrúa konungs og fulltrúa páfa átti sér stað í London og var kenndur við Blackfriar eftir klaustrinu sem hann var haldinn í. Thomas Wolsey (1473-1530) kardínáli, erkibiskup af York og fulltrúi páfa á Englandi flutti mál Hinriks en Campeggio neitaði að kveða upp dóm

---

<sup>11</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 251

<sup>12</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 250-251

<sup>13</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 41

<sup>14</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 41-42

<sup>15</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 42-43

og frestaði málinu sífellt. Enginn niðurstaða fékkst því á Blackfriar-fundinum og vonir Hinriks VIII um skjóta lausn málsins voru að engu gerðar.<sup>16</sup>

Eftir þessa misheppnuðu tilraun hittust af tilviljun þrír kollegar úr Oxford, í Waltham að öllum líkindum 2. ágúst 1529. Þetta voru guðfræðidoktorarnir Stephen Gardiner, Edward Foxe og Thomas Cranmer. Gardiner og Foxe höfðu unnið með Thomas Wolsey að Blackfriar-fundinum og óttuðust nú að falla í ónáð hjá konungi. Þeir skýrðu Cranmer frá vandræðum sínum og hann kom með þá tillögu að í staðinn fyrir að standa í kostnaðarsömum málaferlum í Róm gætu þeir fengið helstu háskóla Evrópu til að gefa út álit sitt á gildi hjúskaparreglnanna í 3Mós. Allir sem málið skoðuðu hlytu að fallast á það að þar væri að finna fyrirmæli sem ógiltu hjónaband Hinriks. Þegar afstaða stærstu háskóla Englands, Frakklands, Þýskalands og Ítalíu væri skýr gæti páfinn varla neitað því að hjónabandið væri ógilt.<sup>17</sup>

Gardiner og Foxe kynntu tillögur Cranmers fyrir konunginum. Hinrik VIII tók vel í þær og Cranmer var kallaður til London og var tekinn í fylgdarlið Thomas Boleyn (1477-1539) jarls af Wiltshire, sem var faðir Önnu Boleyn og vinur konungs. Þar með var opinberlega hafin aðild Cranmers að skilnaðarmáli Hinriks VIII, aðild sem átti eftir að koma honum í náð konungsins og erkibiskupsembætti en á endanum á bálið.

### **Thomas Cranmer, konungsmaður, sendiherra og erkibiskup**

Eftir að Hinrik VIII samþykkti tillögu Cranmers voru fulltrúar konungs sendir til allra helstu háskóla Evrópu til þess að fá þá til að ræða merkingu 3Mós og komast að niðurstöðu um hvort þessi texti gerði hjónaband Hinriks VIII ógilt.<sup>18</sup>

Cranmer flutti á þessum tíma í Durham Palace þar sem fylgdarlið Thomas Boleyn bjó. Þar var það verkefni hans að finna og útfæra rök fyrir ógildingu hjónabandsins. Það efni sem hann setti saman var meðal annars notað þegar Gardiner og Foxe fóru til Cambridge til þess að fá fræðimenn þar til að gefa út álit á merkingu 3Mós.<sup>19</sup> Hinn ónafngreindi ævisagnarritari Cranmers frá 1580 nefnir einnig að túlkanir þær og útlekkingar sem Cranmer vann að hafí verið notaðar þegar fræðimenn frá Oxford undirbjuggu samskonar álit og fræðimenn frá Cambridge höfðu gefið út.<sup>20</sup>

Árið 1530 var Cranmer sendur til Rómar þar sem hann aðstoðaði erindreka Hinriks VIII þar við að safna saman álitum helstu háskóla Evrópu á merkingu texta 3Mós 18 og 20 og kynna þau fyrir páfa. Síðan hélt hann til Bologna ásamt sendinefnd sem sannfæra átti

<sup>16</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 43-44

<sup>17</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 45

<sup>18</sup> Cox, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s.X

<sup>19</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 47

<sup>20</sup> Cox, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s.X



Karl V (1500-1558) Þýskalandskeisara um málstað Hinriks VIII. Að öllum líkindum hafði Cranmer á þeim tíma titilinn hirðprestur konungsins (Chaplain in ordinary).<sup>21</sup> Þrátt fyrir að sendinefndin hefði ekki erindi sem erfiði þótti Cranmer hafa staðið sig vel og árið 1530 var hann gerður sóknarprestur (Rector) í Brandon sem var ein af tekjuhæstu sóknunum á Englandi.<sup>22</sup> Cranmer virðist ekki hafa heimsótt sóknarbörn sín oft enda sáu kapellánar fyrir þörfum sóknarbarnanna.<sup>23</sup>

Árið 1531 var Cranmer á Englandi og hélt áfram vinnu sinni fyrir málstað Hinriks VIII í skilnaðarmálinu. Mest af tíma hans fór í það að ritstýra hinni gífurlega löngu bók *The Determinations of the most famous and excellent Universities of Italy and France, that it is unlawful for a man to marry his brother's wife; that the Pope hath no power to dispense therewith*. Þessi bók var ekki einungis um það álit sem háskólar Ítalíu og Frakklands höfðu gefið heldur var bætt aftan við þau löngum texta um kirkjufeður, ritninguna og valdsvið páfa. Hluti af þessum texta var síðan notaður 1534 til að rökstyðja klofningu ensku kirkjunnar frá rómversk-kaþólsku kirkjunni.<sup>24</sup>

Árið 1532 var Cranmer skipaður sendiherra Englands við hirð Þýskalandskeisara. Á meðan á dvölinni í Þýskalandi stóð heimsótti Cranmer Nürnberg þar sem lúterska siðbótin hafði náð velli. Þar vingaðist hann við siðbótarmanninn Andreas Osiander. Eiginkona Osianders hét Katrín Preu og kynntist Cranmer frænku hennar sem hét Margrét.<sup>25</sup> Þau kynni leiddu til þess að Cranmer giftist Margréti í Nürnberg. Hvort það var til að staðfesta stuðning sinn við siðbótina í Nürnberg er umdeilt en þó er fullvíst að Cranmer var á þessum tíma farinn að hallast að siðbótinni. Cranmer var hins vegar fylgjandi því að prestar giftu sig og taldi til skammar hversu margir þeirra áttu hjákonur. Cranmer var á þessum tíma prestur í ensku kirkjunni sem enn var hluti af Rómakirkjunni sem lagði blátt bann við hjónaböndum presta. Ef fréttir af brúðkaupi hans hefðu borist til Englands hefði hann að öllum líkindum verið sviptur hempunni. Cranmer fór því hljótt með hjúskap sinn.<sup>26</sup> Þegar Cranmer hélt aftur til hirðar Karls V, haustið 1532 skyldi hann eiginkonu sína því eftir í Nürnberg og bjóst við því að eiga eftir að dvelja lengi við hirð Þýskalandskeisara. 22. ágúst lést hins vegar William Warham (1450-1532) erkibiskup af Kantaraborg.<sup>27</sup> Hinrik VIII valdi í stöðuna mann sem að hann og Boleyn fjölskyldan töldu traustan og áreiðanlegan, þó flestir aðrir skyldu ekkert í vali konungs. Sá sem fyrir valinu varð var hinn nýgifti

---

<sup>21</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 48

<sup>22</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 49

<sup>23</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 53

<sup>24</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 55

<sup>25</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 70

<sup>26</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 72-73

<sup>27</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 75

sendiherra við þýsku hirðina Thomas Cranmer.<sup>28</sup> Cranmer var síðan vígður í mars 1533 en þá hafði páfinn gefið út páfabréf þar sem tilnefning Cranmers til erkibiskupsstöðunnar var staðfest.<sup>29</sup>

Cranmer hafði því þegar hér var komið við sögu náð einu af æðstu og virtustu embættum kirkjunnar á Englandi. Hann hafði nú loks náð stöðu þar sem hann gat barist fyrir siðbót og endurbótum í ensku kirkjunni þó að sú barátta ætti ekki eftir að verða átakalaus.

## **Baráttan fyrir siðbættri kirkju**

Þrátt fyrir að Cranmer væri orðin erkibiskup af Kantaraborg stóð ýmislegt í vegi fyrir endurbótahugmyndum hans. Hinrik VIII tók aldrei skýra afstöðu með eða á móti þeirri nýju guðfræði sem Cranmer og aðrir siðbótarmenn vildu innleiða í ensku kirkjuna. Við hirð konungsins tókust á íhaldsmenn sem stefndu að áframhaldandi tengslum við Róm og siðbótarmenn sem vildu taka upp samstarf við aðra siðbótarmenn í Mið-Evrópu, helst með því að halda sameiginlegt kirkjuþing þar sem samþykkt yrði guðfræði hinnar kaþólsku (í merkingunni almennu) kirkju siðbótarmanna. 1543 eða tíu árum eftir að Cranmer var vígður erkibiskup, samþykkti ríkisstjórnin útgáfu *Konungsbókarinnar* í henni voru settar fram nýjar kennisetningar hinnar ensku kirkju og voru áherslur íhaldsmanna ríkjandi. Þessi bók staðfesti það bakslag sem siðbótarmenn höfðu orðið fyrir á árunum þar á undan.<sup>30</sup>

Siðbótarmenn unnu þó nokkra áfangasigra. 1537 gaf Hinrik VIII leyfi fyrir því að Biblían væri gefin út á ensku. Þessi útgáfa var Cranmer mikið hjartans mál og lagði hann mikla áherslu á það að biblían ætti að vera til á móðurmálinu í öllum kirkjum Englands.<sup>31</sup> Sama ár var tekið að framfylgja lögum sem aflögðu hátíðir á dögum sem helgaðir voru dýrlingum.<sup>32</sup> 1540 var síðustu klaustrunum á Englandi lokað. Cranmer vildi láta breyta gömlum klausturbyggingum í skóla en það var ekki samþykkt. Hins vegar fékk Cranmer því framgengt að stofnaður yrði skóli í Kantaraborg sem opinn yrði öllum, en upphaflega áttu einungis synir aðalsmanna að fá aðgang.<sup>33</sup>

Eftir þetta hallaði hins vegar undan fæti hjá siðbótarmönnum, sérstaklega eftir að Thomas Cromwell (1485-1540) sem gegndi embætti nokkurskonar kirkjumálaráðherra (Vice-gerent) féll í ónáð Hinriks VIII og var tekinn af lífi fyrir landráð árið 1540. Cromwell

---

<sup>28</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 75-76

<sup>29</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 87-88

<sup>30</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 251-252

<sup>31</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 197

<sup>32</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 198

<sup>33</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 263-267

hafði verið valdamesti siðbótarmaðurinn á Englandi og náinn samstarfsmaður Cranmers.<sup>34</sup> Frá útgáfu „Konungsbókarinnar“ og fram að dauða Hinriks VIII 1547 voru siðbótarmenn og Rómakirkjumenn álíka valdamiklir og hvorug fylkingin hafði fullan stuðning konungsins.<sup>35</sup>

Eftir að Hinrik VIII lést tók sonur hans Játvarður VI (1537-1553) við völdum. Vegna ungs aldurs hans var Edward Seymour (1506-1552) hertogi af Somerset skipaður ríkisstjóri (Lord Protector) hans. Seymour var siðbótarmaður og því gátu siðbótarmenn loksins farið að móta kirkjuna eftir hugmyndum sínum. Hin enska kirkja skyldi vera fyrirmynd annara siðbótarmanna.

Til að endurskipuleggja helgihaldið var Almenna bænabókarin (*The Book of Common Prayer*) gefinn út 1549.<sup>36</sup> Cranmer var ritstjóri þeirrar bókar og til að útskýra þær áherslur sem voru settar fram skrifaði hann og gaf út bókina *Defence of the True and Catholick Doctrine of the Sacrament* 1550.<sup>37</sup> Sama ár var Stephen Gardiner handtekinn fyrir að óhlýðnast tilskipunum konungs um trúmál. Við réttarhöldin vitnaði Gardiner stöðugt í Almennu bænabókina og taldi hana styðja íhaldssamar skoðanir sínar. Þessi gagnrýni hans leiddi síðan til þess að Cranmer ritstýrði endurskoðaðri útgáfu af bókinni sem gefinn var út 1552. Gardiner var hins vegar sviptur embætti og fluttur í Lundúna-turninn (Tower of London).<sup>38</sup>

Í fangelsinu skrifaði Gardiner bókina *An Explication and Assertion of the True Catholic Faith, thouching the blessed Sacrament of the Altar, with a Confutation of a Book written against the same*. Var ritinu stefnt gegn bók Cranmers *Defence of the True and Catholick Doctrine of the Sacrament*. Til að svara Gardiner skrifaði Cranmer bókina *An Answer Unto A Crafty and Sophistical Cavillation, Devised By Stephen Gardiner Doctor of Law, Late Bishop of Winchester, Against the True and Godly Doctrine of the Most Holy Sacrament of the Body and Blood of Our Saviour Jesus Christ*. Kom hún út í september 1551 og var hörð vörn á sakramentisskilningi hinnar nýju ensku kirkju eins og Cranmers sá hann fyrir sér.<sup>39</sup> Cranmer átti eftir að móta sakramentisskilning hinnar ensku kirkju Játvarðar VI og bók hans er því ómetanleg heimild um hvaða skilning kirkjan hafði á sakramentunum. Þessi sakramentisskilningur átti eftir að skína í gegn í þeim bókum sem kirkjan lét gefa út á veldistíma Játvarðar VI eins og *The Book of Homilies* og Almennu

---

<sup>34</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 269-270

<sup>35</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 251

<sup>36</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 252-253

<sup>37</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 5

<sup>38</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 485-487

<sup>39</sup> MacCulloch, *Thomas Cranmer: A Life* 1996, s. 487-488

bænabókinni frá 1552 en var að mínu mati hvergi eins skýr og í bók Cranmers *An Answer Unto A Crafty and Sophistical Cavillation, Devised By Stephen Gardiner*.

### **Altarissakramentisskilningur Rómakirkjunnar og deilurnar um hann á 16. öld.**

Menn hafa í gegnum tíðina haft afar mismunandi skoðanir á því hvað felst í sakramentunum og hvaða áhrif þau hafi. Guðfræðingar Rómakirkjunnar eins og Petrus Lombardus (1100-1160), lögðu mikla áherslu á að skilgreina guðfræði altarissakramentisins og útskýra verkun þess. Töldu þeir það vera sýnilegt tákni ósýnilegrar náðar Guðs og að Guð starfaði í gegnum það og veitti hinum trúaða náð sína í gegnum það. Altarissakramentið var hápunktur hinnar rómversku messu og skipaði því stóran sess í helgihaldi hennar.<sup>40</sup>

Siðbótarmenn 16. aldar gagnrýndu sakramentisguðfræði Rómakirkjunnar harkalega. Gagnrýndu þeir sérstaklega hina svokölluðu eðlisbreytingarkenningu en samkvæmt henni breytist eðli og efni brauðsins og vínsins í líkama og blóð Krists við helgunina en héldu formi sínu og útliti. Einnig gagnrýndu þeir þann skilning að þegar prestarnir veittu altarissakramentin væru þeir að vinna einhverskonar Guði þóknanlegt verk með því að endurtaka fórn Krists.<sup>41</sup> Að mati Marteins Lúthers (1483-1546) varð þrennt að vera til staðar svo að athöfn gæti talist sakramenti, þ.e. orð Guðs, sýnilegt tákni og til hennar þurfti að hafa verið stofnað af Kristi. Lúther taldi sakramentisskilning Rómakirkjunnar leggja of mikla áherslu á hlutverk prestsins. Hann taldi Rómakirkjuna hafa fallið í þá gryfju að skilgreina sakramentin *ex opere operantis* sem þýðir að virkni sakramentanna, sé háð þeim sem veitir þau. Lúther taldi sakramentin verka *ex opere operato*, það er að segja að virkni sakramentanna væri aðeins háð Kristi sem hefði stofnað til þeirra.<sup>42</sup> Að mati Lúthers var eðlisbreytingarkenningin misheppnuð tilraun til að útskýra þann leyndardóm að Kristur væri raunverulega til staðar í kvöldmáltíðarefnunum. Betra væri að lýsa nærveru Krists með líkingunni um glóandi járn sem hefur í sér fólgið bæði járn og hita.<sup>43</sup> Lúther hafnaði því ekki þeirri hugmynd að Kristur væri raunverulega nálægur í sakramentunum heldur því hvernig Rómakirkjan útskýrði nærveru hans með eðlisbreytingarkenningunni.<sup>44</sup>

Huldrych Zwingli (1484-1531) hafnar með öllu að altarissakramentið sé fórn og að Kristur sé á raunverulegan hátt í kvöldmáltíðarefnunum. Zwingli bendir á að það sé ómögulegt að Kristur sé í efnunum þar sem ritningin taki það skýrt fram að hann sitji til hægri handar föðurnum. Ritningin sé þar að auki full af myndmáli og líkingum og því sé

<sup>40</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 169-170

<sup>41</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 170

<sup>42</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 174-176

<sup>43</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 177-178

<sup>44</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 178-180

ekki hægt að fullyrða að orð Krists „þetta er líkami minn“ þýði að líkami hans sé raunverulega í brauðinu. Að mati Zwinglis eru sakramentin hollustueiður við kirkjuna og minningarathöfn um Krist. Með því að neyta kvöldmáltíðarefnanna staðfestir hinn trúaði hollustu sína við kirkjuna og minnist dauða Jesú Krists, sem leiddi til stofnunar kirkjunnar.<sup>45</sup>

Jóhannes Kalvin (1509-1564) taldi sakramentin vera *notae ecclesiae* sem þýðir tákn kirkjunnar. Þau voru því undirstaða kirkjunnar að hans hyggju, án þeirra væri enginn kirkja og líkt og Lúther taldi hann sakramentin aðeins vera tvö, skírn og kvöldmáltíð. Hann taldi sakramentin innsigla í okkur það loforð um náð sem Guð hefur gefið okkur og til að styrkja trú okkar. Þegar vísunin í innsiglið er skoðuð verður að muna að á þessum tíma var það innsiglið sem veitti til að mynda opinberum tilskipunum gildi sitt. Sakramentin veita því loforði Guðs um náð gildi. Kvöldmáltíðarefnin eru að mati Kalvins sýnileg tákn en hin sýnilegu tákn eru að hans mati svo skyld hinu ósýnilega sem þau tákna að þegar við meðtökum efnin, sem eru tákn líkama Krists verðum við að trúa því að við meðtökum einnig líkama Krists og þau gæði sem fórn hans hefur veitt okkur. Þau gæði eru endurlausn og eilíft líf. Að mati Kalvins er það því trúin sem veitir altarissakramentinu gildi og hann hafnar því eðlisbreytingarkenningu Rómakirkjunnar.<sup>46</sup>

Skilningur Cranmers á sakramentunum var eins og við munum sjá ólíkur skilningi bæði Rómakirkjunnar, Lúthers, Zwingli og Kalvins.

## Um sakramentin í hinni nýju ensku kirkju

Bók Cranmers *An Answer Unto A Crafty and Sophistical Cavillation, Devised By Stephen Gardiner* (1551) um sakramentisskilning hinnar nýju ensku kirkju er að mörgu leyti sérstök. Hún skiptist í fimm kafla og tekur hver þeirra fyrir eitt atriði sakramentisskilningsins. Uppbygging bókarinnar er á þann veg að fyrst kemur formáli eftir Cranmer, síðan texti úr riti Cranmers *Defense* (1550) síðan gagnrýni og athugasemdir Gardiners úr *An Explication* loks kemur svar Cranmers við gagnrýninni. Í bókinni er því stór hluti af hinni upprunalegu *Defense*, allur texti *An Explication* og síðan útskýringar Cranmers að auki. Greint er á milli hinna mismunandi texta með því að nota sérstaka tegund af letri fyrir hvern hluta.<sup>47</sup> Útbreiddasta útgáfa bókarinnar er sú sem var gefinn út 1580. Þessi útgáfa hefur að geyma æviágrip Cranmers ritað af óþekktum höfundum og hafa

<sup>45</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 180-183

<sup>46</sup> McGrath, *Reformation Thought: An Introduction* 1999, s. 190-194

<sup>47</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 1-2

verið settar fram margar tilgátur um hver hafi ritað það.<sup>48</sup> Þessa útgáfu verður stuðst við hér á eftir.

Cranmer taldi eðlisbreytingarkenninguna og þann sakramentisskilning sem af henni hlýst vera rót þeirrar trúvillu sem þrífist í hinni pápísku Rómakirkju.<sup>49</sup> Réttur sakramentisskilningur væri hins vegar sá grundvöllur sem reisa skyldi hina siðbættu ensku kirkju á. Í *Defence* leitaðist Cranmer við að setja fram skilning sinn á sakramentunum og rökstyðja hann með tilliti til kirkjuféðranna og ritningarinnar. Að hans mati hafði Rómakirkjan fjarlægst svo hina upprunalegu kristnu trú að hún gat ekki lengur talist kristin heldur aðhylltist hún sérpápíska trú sem hefði páfann, antikrist Rómar sem þungamiðju. *Defence* var því afar hörð gagnrýni á guðfræði Rómakirkjunnar og var markmið hennar að afhjúpa þá trúvillu sem pápistar aðhylltust. Ekki var því von á öðru en að þeir sem fylgdu Rómakirkjunni svöruðu gagnrýni Cranmers. Það svar kom frá Stephen Gardiner í bók hans *An Explication*.

Þegar Gardiner gagnrýndi *Defence* breytti hann röðinni á köflum hennar og gagnrýndi þá í röðinni I kafli, III kafli, IV kafli, II kafli og V kafli. Í svari sínu í *An Answer* svarar Cranmer gagnrýni Gardiners í þeirri röð sem Gardiner setti hana fram en allir kaflarnir heita sömu nöfnum og bera sömu númer og í *Defence* þó að uppröðun þeirra sé eins og í *An Explication*.<sup>50</sup> Fyrsti kafli *An Answer* heitir „Um sakramentin“. Þar svarar Cranmer inngangi *An Explication* þar sem Gardiner segist hafa verið sviptur biskupsembættinu í Winchester vegna afstöðu sinnar til sakramentanna. En Gardiner hafði verið sviptur biskupsembættinu vegna þess að hann neitaði að framfylgja þeim tilskipunum sem Hinrik VIII gaf út eftir aðskilnaðinn við Róm. Cranmer svarar honum á þá leið að það sé undarlegt að Gardiner telji sig vera píslarvott vegna sakramentisskilnings síns enda hafi hann verið sviptur biskupsembættinu fyrir að óhlýðnast ítrekað tilskipunum konungs.<sup>51</sup> Fjallar Cranmer svo um það hvað sakramentin séu. Þau séu tákn en þó alls ekki innihaldslaus tákn. Til dæmis er mynd af eldi innihaldslaust tákn þar sem það táknar eld en gefur hvorki ljós né hita. En við útdeilingu kvöldmáltíðarefnanna er Guð nálægur og vinnur í gegnum þau og orðið. Þau séu því ekki innihaldslaus tákn heldur tákn um Guð, sem Guð er í og starfar í gegnum.<sup>52</sup> Cranmer segir að eins og Kristur sé nálægur í orðinu þegar það er predikað sé hann nálægur í sakramentunum þegar þau séu höfð um hönd. Ekki á líkamlegan hátt heldur á andlegan og sakramentislegan hátt.<sup>53</sup> Með sakramentislegri

<sup>48</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 5

<sup>49</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 6

<sup>50</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 49-50

<sup>51</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 10

<sup>52</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 11

<sup>53</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 11

nærveru á Cranmer við að kraftur, dyggð og náð Krists og heilags anda dvelji í þeim sem taka við sakramentunum í trú. Andleg nærvera Krists er sá máttur náðar, dyggðar og frelsunar sem hinn krossfesti líkami Krists og hans úthellta blóð hefur og er í öllum kristnum mönnum. Cranmer gerir ekki mun á virkni og nærveru Krists í skírninni og altarisakramentunum heldur segir að Guð vinni á sama hátt í þeim.<sup>54</sup>

Gordon P. Jeanes lítur svo á að Cranmer hafi þrennskonar skilning á nærveru Krists. Kristur sé í holdlegri nærveru á himnum, sakramentislegri nærveru í kvöldmáltíðarefnunum og andlegri nærveru í hinum trúaða.<sup>55</sup> Hann heldur því einnig fram að sakramentin séu svo nátengd í huga Cranmers að réttast sé að segja að Cranmer líti á skírnina og altarisakramentin sem tvær birtingarmyndir sama sakramentis, sakramentis náðarinnar.<sup>56</sup>

Næst svarar Cranmer þeirri gagnrýni Gardiners að enginn kirkjufaðir hafi sagt berum orðum að altarisakramentin séu tákni líkama og blóðs Krists sem séu fjarverandi. Cranmer svarar honum á þá leið að enginn kirkjufaðir eða ritningarstaðir staðfesti berum orðum að Kristur sé á holdlegan, náttúrulegan og líkamlegan hátt í brauðinu og víninu né það að brauðið og vínið eðlisbreytist við helgun.<sup>57</sup>

Einnig gagnrýnir Gardiner Cranmer fyrir að boða nýja kenningu sem ekki hafi þekkt í kirkjunni áður. Cranmer svarar um hæl og segir að kenning sín sé ekkert annað en hin almenna kenning sem ríkt hafi á tímum kirkjuféðranna og allt þar til biskupinn í Róm hafi rænt völdum í kirkjunni og snúið út úr hinum kristnu kenningum. Kenning Gardiners um eðlisbreytingu og holdlega og líkamlega nærveru Krists í altarisakramentunum sé hins vegar ekki eldri valdaráni páfans og væri framandi kirkjuféðrunum og postulunum ef þeir heyrðu hana.<sup>58</sup> Hann bendir síðan á að Ágústínus (354-430) kirkjufaðir hafi sagt að það að menn neyti líkama og drekki blóð Krists hljóti að vera myndmál þar sem bæði góðir menn og vondir eti brauðið og drekki vínið en aðeins hinir réttlátu eti líkama Krists og drekki blóð hans. Enginn maður geti því etið hold og drukkið blóð Krists nema hann dvelji í Kristi og Kristur dvelji í honum því að líkama og blóðs Krists sé neytt á andlegan hátt.<sup>59</sup>

Næst fjallar Cranmer um þá fullyrðingu Gardiners að menn ættu ekki að reyna að túlka orð Krists og því ætti að skilja bókstaflega orð Krists í Matt 26. 26-28, Mk 22. 22-24 og Lúk 22. 19. Cranmer segir hins vegar að það að skilja þessa ritningarstaði bókstaflega feli í sér túlkun því að það sé fjarri sanni að Jesús hafi meint allt sem hann sagði

---

<sup>54</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 3

<sup>55</sup> Jeanes, *Signs of God's Promise* 2008, s. 140

<sup>56</sup> Jeanes, *Signs of God's Promise* 2008, s. 154-155

<sup>57</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 13

<sup>58</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 17-18

<sup>59</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 27

bókstaflega.<sup>60</sup> Hann hafi þvert á móti oft talað í líkingum og notað myndmál og gert það án nokkurrar útskýringar, til dæmis þegar hann nefnir sjálfan sig vínvið eða þegar hann kallaði Pétur, Satan.<sup>61</sup>

Cranmer fjallar síðan um það hvernig hinir trúðu neyti líkama og blóðs Krists með hjarta sínu í trú. Brauðið og vínið hafi það hlutverk að vera tákn náðarinnar þannig að við getum fundið fyrir henni með skilningarvitum okkar.<sup>62</sup>

Ef brauðið og vínið væru líkami og blóð Krists í náttúrulegri, holdlegri og líkamlegri merkingu gætu gyðingar, Tyrkir og trúvillingar etið hold hans og drukkið blóð hans og haft af því eilíft líf.<sup>63</sup> Kristur er því að mati Cranmers líkamlega, holdlega og náttúrulega hjá föður sínum á himnum en hér hjá okkur er hann andlega og sakramentislega.<sup>64</sup>

## Um nærveru Krists í sakramentunum

Annar kaflinn í *An Answer* fjallar um nærveru Krist í sakramentunum. Í honum fjallar Cranmer um á hvaða hátt Kristur sé nálægur í sakramentunum. En siðbótarmenn og fylgjendur Rómakirkjunnar deildu um hvort Kristur sé til staðar á raunverulegan, líkamlegan og holdlegan hátt í kvöldmáltíðarefnunum eða hvort hann sé á sakramentislegan hátt í kvöldmáltíðarefnunum.<sup>65</sup> Cranmer aðhyllist seinna viðhorfið en sakar Rómakirkjuna um að aðhyllast hið fyrra. Með sakramentislegri nærveru á Cranmer við að kraftur, dyggð og náð Krists og heilags anda séu í þeim sem taka við sakramentunum með trú. Hann telur að auk þess að vera í sakramentunum sé Kristur andlega nálægur í öllum kristnum mönnum, sem að mati Cranmers þýðir að sá máttur náðar og frelsunar sem hinn krossfesti líkami Krists og hans úthellta blóð hefur sé til staðar í þeim sem á hann trúa. Hann segir pápistana halda því fram að Kristur sé nálægur í sakramentisefnunum, brauðinu og víninu en kristnir menn haldi því fram að Kristur sé nálægur í þeim sem neytir sakramentanna og hefur trú.<sup>66</sup> Kristur er því meðtekinn með hjartanu og dvelur í mannum vegna trúar hans. Kenning Rómakirkjunnar sé sú að Kristur sé meðtekinn með munnum og dvelji í mannum vegna brauðsins og vinsins í kvöldmáltíðarsakramentinu.<sup>67</sup>

Cranmer segir að sem rökstuðning fyrir trúvillu sinni færi Rómakirkjan bókstaflega túlkun í orð Krists úr guðspjöllunum þar sem hann segir brauðið vera líkama sinn og vínið

---

<sup>60</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 33-34

<sup>61</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 36

<sup>62</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 43

<sup>63</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 45

<sup>64</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 47

<sup>65</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 50-53

<sup>66</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 52

<sup>67</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 57



vera blóð sitt.<sup>68</sup> Cranmer bendir hins vegar á það að með kenningu sinni rugli Rómakirkjan saman guðdómi og mennsku Krists og eignu líkama hans, sem er sannur líkami manns eiginleika sem tilheyra guðdómi hans. Kristur geti verið allsstaðar í guðdómi sínum en líkami hans sem er líkami manns hljóti alltaf að vera á einum stað. Samkvæmt kenningu Rómakirkjunnar sé líkama Krists hins vegar skipt upp og sé á mörgum stöðum í einu. Bæði á ýmsum stöðum í heiminum í mynd brauðs og víns og á himnum. Cranmer segir þetta vera trúvillu þar sem ritningin taki það skýrt fram að Kristur dvelji við hægri hönd föðurins. Þar sé sannur líkami hans, þó að Kristur sé á jörðinni í guðdómi sínum sé líkami hans á himnum.<sup>69</sup> Þetta staðfestir Ágústínus kirkjufaðir þegar hann segir að Kristur sé allsstaðar í guðdómi sínum en líkami hans sé á himnum.<sup>70</sup> Máli sínu til stuðnings vitnar Cranmer í Vigilius I páfa sem ríkti á árunum 537-555. Vigilius sagði að þegar Kristur gerðist maður hefði hann ekki verið líkamlega á himnum. Eftir að hann reis upp til himna væri hann ekki lengur líkamlega í heiminum.<sup>71</sup>

Cranmer bendir því næst á vandann við að túlka bókstaflega orð Krists um að brauðið sé líkami hans og vínið blóð hans. Samkvæmt fylgjendum Rómakirkjunnar merkja orðin að á bakvið form brauðsins og vínsins sé líkami og blóð Krists en ef brauð er líkami Krist hlýtur þá líkami hans ekki að vera gerður úr brauði? Og ef líkami hans er gerður úr brauði þá hafði hann ekki einn líkama heldur tvo, annan mannlegan og hinn úr brauði. Þetta er að mati Cranmers argasta trúvilla eins og allir kristnir menn hljóta að heyra.<sup>72</sup> Gardiner bendir hins vegar á að Kristur hafi vegna guðdóms síns getað skapað nýja hluti. Þegar hann kallaði brauðið líkama sinn hafi hann gert það að líkama sínum. Cranmer svarar honum og segir að enginn dæmi séu um að Kristur hafi skapað nýja hluti með orðum sínum en hins vegar séu ófá dæmi þess að hann hafi notað líkingar og myndmál þegar hann talaði. Gerði Kristur sig eftir vill að vínvið þegar hann kallaði sig vínvið? Eða gerði hann lærisveina sína að greinum þegar hann kallaði þá greinar vínviðarins eða gerði hann Pétur postula að djöfli þegar hann kallaði hann djöful? En þegar Kristur sagði þetta meinti hann að mati Cranmers augljóslega að hann væri líkt og vínviður og lærisveinarnir líkt og greinar vínviðarins og að Pétur talaði eins og djöfullinn. Þegar hann kallaði brauðið líkama sinn og vínið blóð sitt er því líklegast að merkingin sé sú að brauðið sé líkt og líkami hans og vínið líkt og blóð hans. Brauðið og vínið eru því tákn líkama og blóðs Krists sem ekki er lengur í heiminum.<sup>73</sup> Til útskýringar líkir Cranmer Kristi við sólina. Efni sólarinnar er á himninum en virkni hennar

<sup>68</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 60

<sup>69</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 98-100

<sup>70</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 186

<sup>71</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 100

<sup>72</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 103

<sup>73</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 106-107

og áhrif eru á jörðinni. Gardiner svarar þessari útskýringu á þann hátt að þó að sólin sé á himnum séu geislar hennar af sama efni og hún og því sé sólin bæði á himnum og á jörðinni. Cranmer spyr þá hvort ljósið af kerti sé af sama efni og kertið. Ef svo er ekki þá hlýtur ljós og geislar sólarinnar að vera úr öðru efni en sólin.<sup>74</sup>

Cranmer fjallar þvínæst um viðhorf kirkjuféðranna til nærveru Krists í sakramentunum. Fyrst fjallar Cranmer um Órigenes (185-254) kirkjuféður. Órigenes var fæddur í Alexandríu. Hann var vígður sem prestur í Palestínu 230 en var afar umdeildur. Hann var handtekinn og pyntaður í ofsóknum Diocletínusar keisara en neitaði að láta af trú. Eftir dauða Diocletianusar var honum sleppt úr haldi og lést hann í Týros 69 ára að aldri.<sup>75</sup> Cranmer vitnar í predikun Órigenesar út af sjöunda versu þriðju Mósebókar þar sem Órigenes fjallar um hvernig skilja eigi orð Krists um brauðið og vínið. Ef þau eru skilin bókstaflega eru þau mannum dauði en ef þau eru skilin á óeiginlegan og andlegan hátt opinbera þau hjálpræðið.<sup>76</sup> Tertullianus kirkjufaðir (160-220) var fæddur í Afríku. Hann snérist til kristni 195 og aðhylltist hugmyndir Montanista en þeir töldu að þeir sem fallið hefðu úr náð Krists gætu ekki öðlast hana aftur.<sup>77</sup> Cranmer vitnar í rit Tertullianusar *Adversus Marcionem* þar sem hann segir um orð Krists um brauðið og vínið að með þeim lasti hann ekki brauðið, það er að segja láti það ekki hverfa, en samkvæmt eðlisbreytingarkenningunni breytist efni brauðsins eftir helgunina og er því ekki lengur til staðar, heldur láti það tákna líkama sinn. Þetta er líkami minn þýðir því að mati Tertullianusar þetta er tákn líkama míns.<sup>78</sup> Teodoretus, biskup af Kyrrus (393-457) var fæddur í Antíokkíu og var vígður sem biskup af Kyrrus árið 423.<sup>79</sup> Cranmer vitnar í rit Theodoretusar *Eranistes* sem Cranmer kallar reyndar *Dialogis* þar sem Theodoretus segir kvöldmáltíðarsakramentinn vera tákn blóðs og líkama Krists og leggur áherslu á að eftir krossfestinguna sé Kristur enn sannur Guð og sannur maður en eins og áður hefur verið getið getur sannur mannlíkami ekki verið heill og á mörgum stöðum á sama tíma.<sup>80</sup> Dionysius biskup af Alexandríu (190-265) var lærisveinn Órigenesar.<sup>81</sup> Cranmer vitnar í bréfasafn Dionysusar þar sem hann kallar brauðið og vínið tákn sem hinum trúuðu er sýnt til að tákna það, að Kristur er í þeim á andlegan hátt.<sup>82</sup> Hilarius (300-368) biskup af Poitiers barðist ötullega gegn Aríanusarvillunni bæði í Gallíu og svo seinna í Frýgíu í litlu Asíu en

<sup>74</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 89-91

<sup>75</sup> Crouzel, *New Catholic Encyclopedia: Volume X* 1967, s767-771

<sup>76</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 113

<sup>77</sup> Le Saint, *New Catholic Encyclopedia: Volume XIII* 1967, s1019-1920

<sup>78</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 119

<sup>79</sup> Canivet, *New Catholic Encyclopedia: Volume XIV* 1967, s20-21

<sup>80</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 127-131

<sup>81</sup> Ryan, *New Catholic Encyclopedia: Volume IV* 1967, s 876-877

<sup>82</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 151

þangað var hann sendur í útlegð þegar Arianisminn náði yfirhöndinni í Gallíu. Cranmer segir fulltrúa Rómakirkjunnar nefna fáa menn jafnoft og Hilarius þegar þeir telji upp kirkjuféður sem haldi fram líkamlegri og holdlegri nærveru Krists í kvöldmáltíðarsakramentinu. Í riti sínu *De Trinitate* segir Hilarius hins vegar að Kristur dvelji í hinum trúaða og þeir trúðu í Kristi. Ef skilja eigi orð Hilariusar um að Kristur dvelji í hinum trúaða bókstaflega verði einnig að skilja orð hans um að hinn trúaði dvelji í Kristi bókstaflega. Ef hold Krists er raunverulega í hinum trúaða hljóti hold hins trúaða einnig að vera raunverulega í Kristi. Þar sem það er ómögulegt að sannur maður hafi í sér hold margra, nema um mannætu sé að ræða, verður því að álykta að Hilarius hafi verið að tala á óeiginlegan hátt.<sup>83</sup> Ambrósíus (340-397) var sonur rómversks aðalsmanns. Hann var vígður biskup af Mílanó 374. Hún var þá höfuðborg vest-rómverska ríkisins. Ambrósíus hafði mikil samskipti við hina kristnu keisarafjölskyldu og var afar valdamikill af þeirri ástæðu.<sup>84</sup> Gardiner segir að Ambrósíus taki af öll tvímæli um nærveru Krists í sakramentunum þegar hann segir í riti sínu *De Sacramentis* að fyrir helgun sé brauðið, brauð en eftir hana sé það líkami Krists. Hann segir merkingu þessara orða afar skýra og þau sanni að kirkjuféðurnir hafi talið Krist vera í sakramentunum á holdlegan og líkamlegan hátt, það er að segja að raunverulegur líkami hans og hold væri í sakramentunum. Cranmer segir merkingu orða Ambrósíusar vera allt annað en skýra vegna þess að séu þau tekinn bókstaflega þá segi Ambrósíus að brauðið verði líkami Krists. Þetta verði ekki skilið öðruvísi en svo að Kristur hafi haft líkama úr brauði. Þar sem Ambrósíus hafi ekki verið neinn trúvillingur geti ekki verið að hann hafi sagt Krist hafa líkama úr brauði því verði að skilja orð hans sem svo að brauðið sé kallað líkami Krists þar sem það tákni líkama Krists og tákn séu oft kölluð eftir því sem þau tákna.<sup>85</sup> Um þau orð Jóhannesar Chrysostomus kirkjuféður (349-407) að í altarissakramentinu hljóti maður ekki líkama Guðs úr höndum manna, segir Cranmer að þau sýni að Chrysostomus hafi ekki litið svo á að Kristur væri í sakramentunum líkamlega og holdlega heldur sakramentislega.<sup>86</sup>

Ágreiningurinn um það hvernig Kristur er nálægur í kvöldmáltíðarsakramentunum tengist skilningi Cranmers á sambandi mannlegs og guðlegs eðlis Krists eða *Communicatio Idiomatum*.<sup>87</sup> Villa Rómakirkjunnar byggist að mati Cranmers á því að þeir rugla saman guðlegu og mannlegu eðli Krists. Sannur líkami getur ekki verið á mörgum stöðum í einu en pápistarnir segja að líkami Krists geti það vegna guðdóms Krists. Þeir blanda því saman

---

<sup>83</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 160-161

<sup>84</sup> McGuire, *New Catholic Encyclopedia: Volume I* 1967, s. 372-375

<sup>85</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 178-180

<sup>86</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 182-183

<sup>87</sup> Rigney, *New Catholic Encyclopedia: Volume I* 1967, s. 35-37

hinu mannlega og hinu guðdómalega í Kristi svo að hann hefur aðeins eitt eðli. Það sama gera þeir þegar þeir segja allan líkama Krists vera heilan í brauðinu en bakvið form brauðs. Með formi brauðs eiga þeir við útlit og ytri einkenni brauðsins sem þeir segja vera aðskilið efni þess. Hvað er einkenni á mannlegum líkama ef ekki form hans? Er form mannlíkamans aðskiljanlegt efni hans? Ekki í raunverulegum mannlíkama. Ef mannlegt eðli Krists er ekki greinanlegt frá guðdómi hans hefur hann aðeins eitt eðli sem er í beinni andstöðu við niðurstöðu Kalkedon þingsins (451). Öll kirkjuþing og kirkjuféður fordæma því að mati Cranmers kenningu Rómakirkjunnar um raunverulega, holdlega og líkamlega nærveru Krists í altarissakramentinu.<sup>88</sup>

## Um neyslu kvöldmáltíðarefnanna

Í IV kafla fjallar Cranmer um það hvernig Kristur dvelur í hinum trúuðu og hvað gerist þegar kvöldmáltíðarefnanna er neytt. Deilan um það hverjir neyta líkama og blóðs Krists og hvernig þess er neytt tengist deilum siðbótarmanna og Rómakirkjunnar um nærveru Krists í kvöldmáltíðarsakramentinu og kenningu Rómakirkjunnar um eðlisbreytingu brauðsins og vínsins í blóð og líkama Krists. Rómakirkjan hélt því fram að brauðið og vínið töpuðu efnum (substance) sínum en héldu útliti sínu og ytri einkennum (accidents) og að efni holds og blóðs Krists kæmu síðan í brauðið og vínið.<sup>89</sup> Þeir sem neyttu brauðsins og vínsins hefðu því hold og blóð Krists í sér sem endurnýjaði náð Guðs í þeim.<sup>90</sup> Cranmer og Gardiner eru sammála um að bæði góðir og vondir menn neyta vínsins og brauðsins í kvöldmáltíðarsakramentinu. Það sem þá greinir á um er hvernig Kristur er nálægur í sakramentinu og hvaða áhrif það hefur á manninn að neyta brauðsins og vínsins.<sup>91</sup> Gardiner aðhyllist skilning Rómakirkjunnar en Cranmer segir Krist ekki vera á holdlegan og líkamlegan hátt í sakramentunum heldur á andlegan og sakramentislegan hátt. Kristur vinni því í hinum trúaða í gegnum sakramentin og utan þeirra. Því sé hægt að segja að góðir menn neyti Krists í sakramentunum og utan þeirra.<sup>92</sup> Illir menn geta neytt brauðsins og vínsins sem eru tákn en þeir hljóta ekki það sem þau tákna sem er náð Krists.<sup>93</sup>

Máli sínu til stuðnings vitnar Cranmer í Jóh 6.54 en þar segir „Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt hefur eilíft líf og ég reisi hann upp á efsta degi.“ Cranmer segir að þessi orð sýni að ef brauðið og vínið séu líkami og blóð Krists þá muni allir sem neyti

<sup>88</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. IV* 1580, s. 198-200

<sup>89</sup> McGrath, *Christian Theology: An Introduction* 2007, s. 436-437

<sup>90</sup> McGrath, *Christian Theology: An Introduction* 2007, s. 426

<sup>91</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. I* 1580, s. 206

<sup>92</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. I* 1580, s. 203

<sup>93</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. I* 1580, s. 205

þeirra, bæði réttlátir og ranglátir hafa eilíft líf. Hins vegar taki kirkjuféðurnir það skýrt fram að ranglátir menn geti ekki neytt líkama og blóðs Krists og vitnar hann því til stuðnings í Órigenes sem í XV kafla ritskýringarverks síns um Matteusarguðspjall segir að ranglátir menn geti ekki neytt líkama og blóðs Krists vegna þess að þá hefðu þeir eilíft líf. Þó að þeir eti brauðið með munnnum sínum meðtaka þeir ekki Krist þar sem hann er meðtekinn með því að trúa á hann en ekki með því að eta hold hans og drekka blóð hans.<sup>94</sup> Cranmer telur Ágústínus kirkjuföður staðfesta andlega og sakramentislega nærveru Krists í kvöldmáltíðarsakramentinu þegar hann segir í predikun sinni *De Verbis Domini*: Undirbúðu ekki kjálka þinn heldur hjarta þitt. Í riti sínu um Jóhannesarguðspjall segir Ágústínus: Trúðu og þú hefur etið.<sup>95</sup> Í 16. kafla *De Doctrina Christiana* segir Ágústínus að það að neyta blóðs og líkama Krists sé líking fyrir það að taka þátt í píslardauða hans og minnst krossfestingar hans og þess sem hún ávann fyrir okkur. Cranmer telur þessar tilvitnanir sýna að Ágústínus taldi Krist ekki vera á líkamlegan og holdlegan hátt í sakramentunum heldur hafi hann talið menn neyta sakramentanna í trú.<sup>96</sup>

Villa Rómakirkjumanna hefur að mati Cranmers þau áhrif að menn fara að dýrka brauðið og vínið. Þannig einkennist helgihald Rómakirkjumanna af skurðgoðadýrkun þar sem leikmenn halda að þeir verði að hneigja sig fyrir brauðinu þegar presturinn lyftir því upp við helginguna. Af hverju hvetja pápískir prestar menn til að beygja sig og bukta fyrir brauðinu og víninu nema til þess að fá þá til að tilbiðja það. Þegar menn tilbiðja brauð og vín tilbiðja þeir ekki Guð og slík villa leiðir sálir þeirra til glötunar.<sup>97</sup>

Cranmer telur að í Matt 24. 23-26 hafi Kristur varað við villu rómakirkjunnar þegar hann sagði „Ef einhver segir þá við yður: Hér er Kristur, eða: Þar, þá trúið því ekki. Því að fram munu koma falskristar og falsspámenn og þeir munu gera stór tákni og undur svo að þeir gætu leitt hin útvöldu afvega ef það er unnt. Athugið að ég hef sagt yður það fyrir.“ Verstir hinna vondu páfa sem setið hafa í Róm eru að mati Cranmers Innocensíus III (1160-1216) og Honóríus III (1148-1227) sem fyrirskipað hafi mönnum að bugta sig og beygja frammi fyrir brauðinu og víninu. Heilagleiki brauðsins sem páfi boði sé ekkert annað en trúvilla og skurðgoðadýrkun. Allir kristnir menn eiga að vita að líkami Krists er á himni og þangað eigi þeir að lyfta hjörtum sínum í messunni en ekki að einblína á brauðið og vínið því að þar er Kristur sakramentislega, í hinum trúuðu sé hann andlega, líkamlega sé hann á himnum. Þetta kennir bæðir ritningin og kirkjuféðurnir og því var það að mati Cranmers

<sup>94</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 208-209

<sup>95</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 208

<sup>96</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 212-213

<sup>97</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 228-230

hin rétta kristna kenning um það hvernig menn meðtaka líkama og blóð Krists í sakramentunum.<sup>98</sup>

## Gegn eðlisbreytingarkenningunni

Í II kafla fjallar Cranmer um eðlisbreytingarkenninguna. Eðlisbreytingarkenningin var samþykkt af kaþólsku kirkjunni á fjórða Lateran þinginu 1215. Samkvæmt þessari kenningu breytist eðli brauðsins og vínsins úr brauðinu og víninu við helgunina í kvöldmáltíðarsakramentinu í líkama Krists og blóð Krists. Brauðið og vínið halda þó ytra útliti sínum og ytri einkennum. Þessi kenning byggir á heimspeki Aristótelesar (382-322 f.Kr.) en hann greindi á milli efnis hluta og ytri einkenna þeirra.<sup>99</sup> Miðaldaguðfræðingurinn Tómas Aquinas (1225-1274) sem hafði mótandi áhrif á eðlisbreytingarkenninguna byggði sakramentisguðfræði sína á heimspeki Aristótelesar og var seinna gagnrýndur harkalega af siðbótarmönnum fyrir að byggja kristna guðfræði á heiðinni heimspeki.<sup>100</sup>

Cranmer byrjar umræðu sína um þetta efni á því að fjalla um það af hverju brauð og vín sé notað í kvöldmáltíðarsakramentinu. Það er vegna brauðsins og vínsins í síðustu kvöldmáltíðinni. Þar hafi Kristur kallað brauðið líkama sinn og vínið blóð sitt og lærisveinarnir síðan neytt þess. Fylgjendur Rómakirkjunnar nefni ávallt þessa frásögn þegar þeir halda því fram að Kristur hafi sagt að líkami hans og blóð séu í brauðinu og víninu. En þegar Kristur kallaði brauðið líkama sinn og vínið blóð sitt var ekki búið að krossfesta hann. Miskunnarfórn hans hafði ekki farið fram og hann var hér á jörðinni sem sannur Guð og sannur maður. Ef brauðið var líkami hans í síðustu kvöldmáltíðinni hefði hann því haft tvo líkama meðan hún fór fram. Annan úr holdi og hinn úr brauði. Þar sem sannur maður getur ekki haft tvo líkama hljóta orð Krists um brauðið og vínið að hafa óeiginlega merkingu.<sup>101</sup>

Í bók sinni *An Explication* hélt Gardiner því fram að vera líkama og blóðs Krists í brauðinu og víninu sé kraftaverk og kraftaverk sé ekki hægt að skilja eða fjalla um með skynsemi að leiðarljósi. Cranmer segir þetta vera rangt. Vegna veikleika okkur birtist Guð okkur þannig að við getum skilið hann. Birtist Kristur ekki lærisveinum sínum eftir upprisuna til þess að sanna að hann væri upprisinn? Þreifaði Tómas ekki á sárum Krists þegar hann efaðist um að hann væri raunverulegur? Þessi dæmi sýna að mati Cranmers að þegar Guð hefur opinberað sig mönnum hefur hann gert það á þann hátt að það hafi ekki gengið gegn skynjun þeirra og skynsemi. Það sé því ekki rangt að reyna að túlka orð Guðs

<sup>98</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 238

<sup>99</sup> McGrath, *Christian Theology: An Introduction* 2007, s. 436-437

<sup>100</sup> McGrath, *Christian Theology: An Introduction* 2007, s. 436-437

<sup>101</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 248-249

út frá mannlegri skynsemi þar sem hann hafi ávallt gert ráð fyrir takmörkunum manna þegar hann talaði.<sup>102</sup> Þegar orð Jesú eru skoðuð sé því oft greinilegt að merking þeirra sé ekki bókstafleg heldur óeiginleg.

Um þá kenningu Aristótelesar að ytri einkenni hlutar geti verið óháð eðli og efni hans segir Cranmer að ef svo sé, sé ekki nein leið til þess að vera viss um að Kristur hafi verið sannur maður þar sem hann hefði getað haft efni anda en ytri einkenni manns. Ef ytri einkenni eru óháð efni var tilgangslaust fyrir Tómas postula að þreifa á sárum Krists til þess að fullvissa sig um það að hann væri raunverulega upprisinn. Ritningin virðist því að mati Cranmers ekki tala um það að ytri einkenni hlutar séu óháð eðli hans heldur þvert á móti virðist hún gera ráð fyrir því að efni hlutar og ytri einkenni hans séu nátengd.<sup>103</sup>

Næst fjallar Cranmer um þær rökleysur sem hljótast af því að halda fram eðlisbreytingarkenningunni. Í fyrsta lagi segja fylgjendur Rómakirkjunnar að líkami Krists sé heill í brauðinu eftir helgun og haldist heill þó að brauðið sé brotið, ef þetta er satt þá er ekki hægt að brjóta efni brauðsins, sem er líkami Krists heldur einungis form þess. Samt segir Páll postuli í 1Kor 10. 16. „Brauðið sem vér brjótum“. Ef eðlisbreytingarkenningin er rétt og jafngömul kristindómi ætti Páll þá ekki að segja „Form brauðsins sem vér brjótum“? Það að hann segir „Brauðið sem vér brjótum“ bendir eindregið til þess að eðlisbreytingarkenningin hafi ekki þekkst á tíma Páls heldur sé nýleg uppfinning Rómakirkjunnar.<sup>104</sup> Í öðru lagi segja þeir að þegar efni brauðsins og vínsins fari úr brauðinu og víninu haldi þau ytri einkennum sínum. Hins vegar þekkist hvergi í náttúrunni að form og ytri einkenni geti verið til staðar án efnis.<sup>105</sup> Í þriðja lagi segja þeir að efni líkama Krists sé raunverulega, holdlega og náttúrulega í brauðinu án forms og ytri einkenna. Þannig segja þeir að efni geti verið til staðar án ytra forms og ytri form til staðar án efnis og er hvoru tveggja jafn vitlaust að mati Cranmers.<sup>106</sup> Í fjórða lagi segja þeir að á þeim stað sem form brauðsins og vínsins eru sé ekkert efni og segja að þar sé algjört tóm, þangað til efni líkama Krists koma í formin. Tóm geti hins vegar ekki verið í náttúrunni þar sem alltaf sé eitthvað allsstaðar.<sup>107</sup> Í fimmta lagi segja fylgjendur Rómakirkjunnar að efni líkama Krists hverfi úr brauðinu þegar það myglar. En form myglar ekki heldur efni. Hvaða dularfulla efni er það þá sem myglar þegar brauð og vín sem hefur verið helgað skemmist?<sup>108</sup> Á þessari

---

<sup>102</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 252

<sup>103</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 262

<sup>104</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 326

<sup>105</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 328-329

<sup>106</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 329

<sup>107</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 330

<sup>108</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 330-331

upptalningu má að mati Cranmers sjá hversu fáránleg og ónáttúruleg kenningin um eðlisbreytinguna sé.<sup>109</sup>

Að lokum segir Cranmer að Jesú útskýri best sjálfur verkun sakramentanna þegar hann segir í Jóh 6. 63. „Það er andinn sem lífgar, holdið megnar ekkert“. Eðlisbreytingarkenningin er að hans mati ekkert annað en uppfinning manna sem á uppruna sinn að rekja til Rómakirkjunnar. Þessi kenning hafi aldrei þekkt í frumkirkjunni og eigi ekkert skylt við kristni. Hún á því ekki að eiga neinn sess í hinni kristnu kirkju.

## Um kvöldmáltíðina og fórn Krists

Í V kafla svarar Cranmer þeirri kenningu rómversku kirkjunnar að presturinn endurtaki fórn Krists í kvöldmáltíðarsakramentinu. Á tímum Cranmers var lítið svo á að kvöldmáltíðarsakramentið væri endurtekning á fórn Krists. Cranmer hélt því fram að krossdauði Krists hefði hreinsað menn af syndum sínum fyrir fullt og allt og gert þá sátta við Guð. Því gætu ekki farið fram neinar frekari fórnir til að hreinsa menn af syndum. Það að telja að kvöldmáltíðarsakramentið væri endurtekning á krossdauða Krists og gæti hreinsað menn af syndum gerði að mati Cranmers lítið úr fórn Krists á krossinum.<sup>110</sup> Cranmer taldi ritninguna greina á milli tveggja afbrigða fórna. Annars vegar væri svokölluð miskunnarfórn eða fórn til miskunnar sem gerði manninn sáttan við Guð. Hins vegar væri svokölluð þakkarfórn sem væri færð Guði eftir að maðurinn yrði sáttur við hann. Fórn Krists á krossinum væri miskunnarfórn sem gerði mennina sátta við Guð.<sup>111</sup> Fórn kirkjunnar væri þakkarfórn þeirra sem gerðir hafa verið sáttir við Guð í gegnum miskunnarfórn Krists. Cranmer segir ritninguna víða tala um þakkarfórnir og nefnir sem dæmi Slm 51. 19 „Guði þekkar fórnir eru sundurmarinn andi. Sundurmarið og sundurkramið hjarta munt þú, ó Guð, eigi fyrirlíta“. 1Pét 2. 10 „Þið sem áður voruð ekki lýður eruð nú orðin Guðs lýður. Þið sem ekki nutuð miskunnar hafið nú miskunn hlotið“. Heb 8. 15. „Með hjálp Jesú skulum við því án afláts færa Guði lofgjörðarfórn, ávöxt vara er játa nafn hans.“ Cranmer telur Gardiner og pápistana rugla saman miskunnarfórnum og þakkarfórnum þegar þeir segja að góð verk og iðrun séu miskunnarfórnir þegar rétt sé að þau séu þakkarfórnir.<sup>112</sup>

Cranmer segir kirkjuféðurna taka það afar skýrt fram að kvöldmáltíðarsakramentið sé ekki endurtekning á fórn Krists. Vitnar hann því til stuðnings í Ágústínus kirkjuféður sem í riti sínu *De Civitate Dei* segi að það sem menn kalla fórn sé tákn hinnar sönnu fórnar.

<sup>109</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 324

<sup>110</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 345

<sup>111</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 346

<sup>112</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 361-362



Að mati Cranmers er merking þessara orða sú að fórnin í kirkjunni sé þakkarfórn sem framkvæmd sé til að minnast miskunnarfórnar Krists.<sup>113</sup> Einnig vitnar Cranmer í Petrus Lombardus sem sagði að fórn prestsins væri kölluð fórn vegna þess að hún væri minning um og tákn fyrir hina sönnu fórn Krists á krossinum. Cranmer telur þessi orð Lombardusar sýna að sú hugmynd að presturinn endurgeri fórn Krists í kvöldmáltíðarsakramentinu og það að taka þátt í henni geri mennina sátta við Guð sé ný hugmynd sem sé kominn frá Rómakirkjunni og eigi ekkert skylt við kristna trú.<sup>114</sup> Cranmer telur að kenningin um að þátttaka í kvöldmáltíðarsakramentinu hreinsi menn af syndum eigi sér uppruna í fáfræði ólærðra munka og ábóta og í græðgi prestanna vegna þess að þeir hafa gert kvöldmáltíðarsakramentið að söluvöru og eru í raun farnir að selja þá náð sem fórn Krists veitir hinum trúðu.<sup>115</sup>

Að mati Cranmers liggur grundvallarmunurinn á miskunnarfórn Krists og þakkarfórn kirkjunnar í því hvaða áhrif þær hafa. Miskunnarfórn Krists á krossinum gaf okkur líf og náð og heldur áfram að veita okkur hjálpræði allt okkar líf. Eins og Páll segir í Gal 2. 20 „Sjálfur lifi ég ekki framar heldur lifir Kristur í mér. Lífinu, sem ég lifi nú hér á jörð, lifi ég í trúnni á Guðs son sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir mig.“ Þakkarfórn kirkjunnar gefur hins vegar hvorki líf né áframhaldandi hjálpræði heldur er einungis þökk fyrir það sem við höfum vegna fórnar Krists.<sup>116</sup>

Að lokum líkir Cranmer kvöldmáltíðarsakramentinu við skírnina. Í skírninni þvær presturinn barnið með vatni á meðan Guð hreinsar barnið með heilögum anda. Í kvöldmáltíðarsakramentinu veitir presturinn okkur brauð og vín til að næra líkama okkar en Kristur veitir okkur líkama sinn og blóð til að næra anda okkur. Í báðum tilvikum eru hin ytri tákn sem presturinn veitir, tákn fyrir það sem Guð gefur okkur hið innra. Gjafir Guðs eru þegnar með trú og trúin er eina gjaldið sem við borgum fyrir þær. Fátt gæti verið kristnum manni meiri huggun.<sup>117</sup> Þannig lýkur síðasta kafla bókar Cranmers og þar með umfjöllun hans um sakramentin.

## Niðurlag

Fjórum og hálfu ári eftir að *An Answer* kom út var Thomas Cranmer brenndur á báli fyrir villutrú og drottinssvik. Játvarður VI (1537-1553) var þá látinn og María I (1516-1558) tekinn við völdum. Hún var kaþólsk og á valdatíma hennar voru siðbótarmenn miskunnarlaust ofsóttir. Það var ekki fyrr en 1559 er Elísabet I (1533-1603) tók við völdum

<sup>113</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 351

<sup>114</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 351

<sup>115</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 353

<sup>116</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 364

<sup>117</sup> Cranmer, *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1* 1580, s. 366-367

að siðbótin var fest í sessi á Englandi með því að taka kirkjuskipanina frá 1552 upp að nýju. Sú kirkjuskipan byggði að töluverðu leyti á sakramentisskilningi Cranmers.

Skilningur Cranmers á kvöldmáltíðarsakramentinu var afar ólíkur skilningi Rómakirkjunnar. Samkvæmt Rómakirkjunni var Kristur í altarissakramentinu á holdlegan, líkamlegan og náttúrulegan hátt. Cranmer taldi þetta vera rangt og þvert á það sem ritningin og kirkjufeðurnir kenndu. Hið rétta væri að Kristur væri nálægur í sakramentunum á andlegan og sakramentislegan hátt. Hann væri því nálægur í guðdómi sínum en fjarverandi í líkama sínum sem væri á himnum til hægri handar föðurnum.

Ólíkt Lúther sem hafnaði eðlisbreytingarkenningunni en ekki raunverulegri nærveru Krists hafnar Cranmer hvoru tveggja. Það gerir hann vegna þess skilnings síns að ritningin taki það skýrt fram að líkami Krists sé á himnum og að mannlegur líkami geti ekki verið heill á mörgum stöðum í einu. Cranmer telur að í kvöldmáltíðarsakramentinu sé Kristur ekki í brauðinu og víninu heldur innra með hinum trúaða sem taki við honum í trú. Kristur er því í sakramentunum á sakramentislegan hátt, sem táknar að kraftur hans og náð er í brauðinu og víninu en ekki líkami hans eða blóð. Í hinum trúaða er hann á andlegan hátt sem þýðir að náð hans og frelsandi máttur er innra með hinum trúaða. Kristur starfar því í hinum trúaða í gegnum sakramentin og fyrir utan þau.

Cranmer á það sameiginlegt með Lúther að hafna þeim skilningi Rómakirkjunnar að með því að framkvæma messuna vinni presturinn gott verk eða endurtaki á einhvern hátt fórn Krists. Að mati Cranmers verður fórn Krists og áhrif hennar ekki endurtekin. Fórn kirkjunnar er að hans mati þakkarfórn fyrir það sem Guð hefur gert og hefur prestinn ekki að neinu leyti yfir söfnuðinn.

Sá skilningur Cranmers að altarissakramentið sé þakkarfórn er afar ólíkur skilningi Zwingli sem hafnaði því með öllu að það væri nokkurskonar fórn. Þeir eru þó sammála um mikilvægi myndmáls í ritningunni en túlka það á mismunandi vegu. Lúther var næstur skilningi Cranmers en hann lagði einnig áherslu á altarissakramentið sem þökk fyrir það sem Guð hefur gert.

Rómakirkjan, Lúther og Kalvin töldu líkt og Cranmer að sakramentin væru sá grunnur sem kirkjan byggði á. Án þeirra væri enginn kirkja. Zwingli hafði hins vegar þá skoðun að sakramentin kæmu eftir stofnun kirkjunnar og væru hollustueiður við hana. Kalvin taldi kvöldmáltíðarefnin vera sýnileg tákn ósýnilegrar náðar Guðs. Hann hafnar eðlisbreytingarkenningunni og telur hina trúðu neyta líkama Krists í trú. Þetta er ekki ólíkt skilningi Cranmers en hins vegar leggur Kalvin ekki áherslu á altarissakramentið sem fórn en það gerir Cranmer.

Skilningur Cranmers á altarissakramentinu var ólíkur skilningi Rómakirkjunnar enda mótaður sem gagnrýni á hann. Skilningur hans var einnig að vissu leyti ólíkur skilningi annarra siðbótarmanna á altarissakramentinu. Það hversu ólíkur skilningur hans var skilningi annarra má ef til vill rekja til þess hve mikið Cranmer þurfti að fara ótroðnar slóðir í viðleitni sinni til að setja fram heilstæða kenningu biskupakirkjunnar á altarissakramentunum. Sú kenning var ævistarf hans og var það eitt af hans síðustu verkum að senda frá sér endurbætur á henni sem hann skrifaði meðan hann beið aftöku sinnar.

## Heimildaskrá

*Biblían*. (2007). Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag

*Biblían*. (1981). Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag

Canivet, P. (1967). Thodoret of Cyr. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume XIV* (bls 20-22). New York: McGraw-Hill Book Company

Cranmer, Thomas. (1580). An Answer to a Crafty and Sophistical Cavillation devised by Stephen Gardiner. Í John Edmund Cox (ritstjóri), *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1: Writings and Disputations Relative to the Lord's Supper* (bls. 1-367) Vancouver: Regent College Publishing

Crouzel, H. (1967). Origen and Origenism. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume X* (bls 767-774). New York: McGraw-Hill Book Company

Höfundur óþekktur. (1580). The Life, State, and Story of the Reverend Pastor and Prelate, Thomas Cranmer, Archbishop of Canterbury, Martyr, Burned at Oxford For the Confession of Christ's True Doctrine Anno 1556. March 21. Í John Edmund Cox (ritstjóri), *The Works of Thomas Cranmer, Vol. 1: Writings and Disputations Relative to the Lord's Supper* (bls. VII-XXIX) Vancouver: Regent College Publishing

Jeanes, Gordon P. (2008). *Signs of God's Promise: Thomas Cranmer's Sacramental Theology and the Book of Common Prayer*. London: T&T Clark.

Le Saint, W. (1967). Tertullian. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume XIII* (bls 1019-1022). New York: McGraw-Hill Book Company

MacCulloch, Diarmaid. (1996). *Thomas Cranmer: A Life*. New Haven, London: Yale University Press.

McGrath, Alister E. (2007). *Christian Theology: An Introduction*. Oxford: Blackwell Publishing.

McGrath, Alister E. (1999). *The Reformation Thought: An Introduction*. Oxford: Blackwell Publishing.

McGuire, M. R. P. (1967). Ambrose, St. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume I* (bls 372-375). New York: McGraw-Hill Book Company

McKenna, S. J. (1967). Hilary of Poitiers, St. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume VI* (bls 1114-1116). New York: McGraw-Hill Book Company

Rigney, J. F. (1967). Communication of Idioms. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume IV* (bls 35-37). New York: McGraw-Hill Book Company

Ryan, E. G. (1967). Dionysius of Alexandria. St. Í J. P. Whalen og P. A. O'Boyle (ritstjórar), *New Catholic Encyclopedia: Volume IV* (bls 876-877). New York: McGraw-Hill Book Company